

LÖG

um breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir tilskipanir 89/48/EBE eða 92/51/EBE, sem og viðauka við þær svo sem þeir eru á hverjum tíma, sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nær til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

9. maí 1997

Nr. 38

LÖG

um breytingu á lögum um Siglingastofun Íslands, nr. 6/1996.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Að annast þátt ríkisins í framkvæmd laga um sjóvarnir og hafa umsjón með ríkisstyrktum framkvæmdum vegna lendingarbóta.

2. gr.

Við fyrri málslíð 1. mgr. 5. gr. laganna bætist: og málum er varða sjóvarnir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Blöndal.